Skóla-og fræðslunefnd Snæfellsbæjar

Fundur 7.september 2026 kl 17-18:30 í ráðhúsi Snæfellsbæjar

Nefndarmenn:

Sigrún, Þórey, Linda, Hermína, Gunnþór (í gegnum Teams), Ingunn, Stefán, Berglind og Karitas

- Sigrún boðar alla velkomna á fyrsta fund nefndarinnar á nýju kjörtímabili auk þess sem hún bauð nýja nefndarmenn velkomna á sinn fyrsta fund
- Könnun um varaformann og ritara.
    - Sigrún lagði til að Karitas yrði varaformaður og Dagbjört Dúna ritari. Var það samþykkt samhljóða.
    - Rætt um skipan varamanna. Hugmynd kom að hafa svokallað “super-sub” fyrirkomulag þannig að fyrsti varamaður á lista verður sá sem kallaður er fyrst til ef aðalmenn komast ekki á fundi. Allir sammála þessari hugmynd. Þessi hugmynd hefur þann kost með sér að sá varamaður er meira inn í þeim málum sem nefndin er að vinna að.
- Erindisbréf nefndarinnar hefur verið uppfært og samþykkt af bæjarstjórn. Sigrún les bréfið sem var í kjölfarið samþykkt af nefndinni.
    - Umræða kom upp um hver skuli boða aðra fulltrúa á fundi eftir því sem við á. Sigrún telur best að skólastjórnendur meti og boði þá sem þeir telja að þurfi að sitja fundi hverju sinni.
- Gunnþór kynnti Ásgarð fyrir nýjum nefndarmönnum, fór yfir það sem Ásgarður hefur unnið að í Snæfellsbæ og að framundan sé m.a. vinnan úr nýju menntastefnu Snæfellsbæjar.
    - Sigrún og Gunnþór munu fljótlega klára skipulag starfsáætlun nefndarinnar fyrir þetta skólaár og kynna það á næsta fundi.
- Næsti fundur fræðslunefndar verður 28.september kl 17.
- Önnur mál:
    - Til stóð að starfsmenn leikskólans færu í námsferð næsta vor. Fyrir liggur að ekki verður úr námsferðinni. Hermína lagði því til að gera breytingar á skóladagatalinu þannig að starfsdagurinn 7.maí yrði færður til 4.janúar í staðinn. Var það samþykkt samhljóða og mun Hermína í kjölfarið gera þær breytingar á skóladagatalinu.
- Sigrún þakkar Hermínu, Lindu, Þórey og Gunnþór fyrir og þau víkja af fundinum kl 18.
- Sigrún segir frá að nefndinni hafi borist bréf um reglugerð um Tónlistarskóla Snæfellsbæjar.
    - Nefndin tók fyrir reglugerðina sem var samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:30.